

Priðjudaginn 31. maí 1983.

Nr. 202/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Jónssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir, settir hæstaréttardómarar.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 27. ágúst 1982. Er málinu einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds.

Ágrip málsins barst Hæstarétti 14. janúar 1983.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ríkissaksóknari lýsti yfir fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæruskjali tilvitnun í áfengislög nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Verjandi krefst sýknu og að allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun, verði greidd úr ríkissjóði.

Ósannað er, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann hóf akstur frá Höfn í Hornafirði að morgni 3. ágúst 1979.

Við flutning málsins hér fyrir dómi sýndi verjandi glas, sem hann kvað notað við blóðtöku í Vestur-Þýskalandi, og sýndi fram á, að búnaður þess er tryggilegri en sá, er tíðkast hér á landi.

Ekki er komin fram rökstudd ástæða til að ætla, að mistök hafi orðið við töku blóðsýnis úr ákærða, sendingu þess til rannsóknastofu eða meðferð þess þar. Verður því byggt á niðurstöðu rannsóknastofunnar um magn alkóhóls í blóði ákærða, en hún fær stuðning í vitnaframburðum farþeganna í bifreið ákærða og lögreglumannanna tveggja. Haggar það ekki þeim úrslitum, þótt upplýst hafi verið, að tiltækur sé búnaður og aðferð til töku blóðsýna, sem ætla má tryggilegri en nú gerist.

Þykir því sannað, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis,

er hann var stöðvaður við akstur bifreiðarinnar R 2425 á Fáskrúðsfirði. Varðar það atferli ákærða við ákvæði 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en það ákvæði þykir tæma sök.

Samkvæmt 80. gr. greindra laga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976, er refsing ákærða ákveðin 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuréttindasviptingu ákærða og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Jónsson, greiði 6.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmans, 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. júlí 1982.

Ar 1982, mánudaginn 12. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 247/1982: Ákærvaldið gegn Sigurði Jónssyni, sem tekið var til dóms 28. júní sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 20. mars 1981, gegn ákærða, Sigurði Jónssyni lyfjafræðingi, Stigahlíð 65, Reykjavík, fæddum 4. janúar 1925 þar í borg, „fyrir að aka föstudaginn 3. ágúst 1979 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 2425 frá Höfn í Hornafirði áleiðis til Egilsstaða og neyta áfengis við aksturinn, þar til lögreglumenn stöðvuðu akstur ákærða, er hann ók inn í Búðir í Fáskrúðsfirði.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfis sviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Um kl. 1800 fimmtudaginn 2. ágúst 1979 kom ákærði akandi í bifreiðinni R 2425 til Hafnar í Hornafirði, en hann var þar á ferð að kynna lyf. Hann hóf fljótlega áfengisneyslu á hótelinu þar og hélt henni áfram fram undir kl. 2400. Næsta morgun hélt hann ferð sinni áfram áleiðis til Egilsstaða. Hann hafði viðkomu á Djúpavogi, þar sem hann hitti héraðslækninn, en nokkru eftir að hann hélt þaðan, ók hann fram á tvær stúlkur, sem voru á leið til Reyðarfjarðar, og tók þær upp í bifreið sína. Næst hafði hann viðkomu í Staðarborg í Breiðdal, en hélt þaðan til Fáskrúðsfjarðar, þar sem hann ætlaði að hitta héraðslækninn. Er ákærði kom að Búðum í Fáskrúðsfirði, stöðvaði lögreglan akstur hans.

Samkvæmt skýrslu Benedikts Helga Benediktssonar, lögregluþjóns á Fáskrúðsfirði, var honum tilkynnt símleiðis, að ökumaður bifreiðarinnar R 2425, sem væri á leið frá Staðarborg í Breiðdal til Fáskrúðsfjarðar, væri trúlega ölvaður. Klukkan 1900 stöðvaði lögreglumaðurinn bifreiðina, þar sem henni var ekið inn í þorpið. Ökumaður R 2425 reyndist vera ákærði, Sigurður Jónsson, en með honum í bifreiðinni voru tvær stúlkur, Kristín Hjartardóttir, Kambi, Djúpavogi, og Hrönn Ásbjörnsdóttir, Nýborg, Djúpavogi. Lögreglumaðurinn fann áfengisþef af ákærða og kvaddi því til aðstoðar við sig Guðna Sörensen lögregluþjón, og var ákærði síðan færður á lögreglustöð, þar sem tekin var skýrsla af honum.

Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir farþegum ákærða, að þær hafi komið í bifreiðina um 20 km norðan Djúpavogs. Nokkru síðar hafi ákærði stöðvað bifreiðina og sótt víNFLösku, sem var í farangursgeymslunni, og drukkið úr henni.

Í skýrslu sinni, sem ákærði gaf á lögreglustöðinni, kvaðst hann hafa lagt af stað frá Höfn í Hornafirði um kl. 1000 um morguninn, en hann hafi sofið um 9 klst. nóttina áður. Hann hafi drukkið „5 stk. pilsner“ um daginn, en ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Samkvæmt skýrslu Benedikts Helga Benediktssonar sýndi öndunarprufa frá ákærða IV. stig. Áfengisþefur af andardrætti hans var sterkur, hann var rjóður/fölur í andliti, fatnaður hans snyrtilegur, framkoma kurteisleg,

augun rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Að lokinni skýrslutöku var ákærði færður til töku blóðsýnis til alkóhól-rannsóknar, og annaðist það Brynjólfur Hauksson, héraðslæknir á Fáskrúðsfirði. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar var blóðsýnið merkt FÁ-1935 í viðurvist læknisins.

Blóðsýnið var sent Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði með bréfi, dags. 3. ágúst 1979. Samkvæmt vottorði rannsóknastofunnar, dags. 14. ágúst 1979, reyndist magn alkólhóls í sýninu vera 1.68‰.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglunni í Reykjavík 21. nóvember 1979. Ekki vissi hann þá, hve mikið hann drakk á hótelinu á Höfn, en kvaðst hafa keypt 11 einfalda sjússa af rommi, en taldi sig hafa gefið eitthvað af því. Hann hafi ekki verið mjög drukkinn, þegar hann fór að sofa um miðnætti. Hann kvaðst hafa vaknað um kl. 0900 næsta morgun og ekkert áfengi hafa drukkið þann dag og ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, þegar hann vaknaði. Hann hafi haldið af stað áleiðis til Egilsstaða laust fyrir kl. 1100 og verið einn í bifreiðinni. Um kl. 1415 hafi hann komið til Djúpavogs og hitt lækninn þar, en haldið áfram ferð sinni eftir að hafa fengið sér að borða. Um 20 km norðan við Djúpavog hafi hann ekið fram á tvær stúlkur, sem hann tók upp í bifreiðina. Ekki kannaðist hann við að hafa opnað farangursgeymslu bifreiðarinnar, eftir að stúlkurnar komu í bifreiðina, né að hafa neytt áfengis í bifreiðinni eða við hana og reyndar allan þennan dag. Hann kannaðist heldur ekki við að hafa verið með áfengi í bifreiðinni.

Ákærði kvað lögreglu hafa látið hann gefa öndunarsýni. Kvaðst hann hafa séð, að öndunarsýnið gaf lit, en taldi það stafa af því, að hann hafði drukkið 5 ófenga pilsnera um daginn, síðast tvo í Staðarborg í Breiðdal, þar sem hann kom við til þess að hringja.

Ákærði kvað tvo lögreglumenn hafa farið með sig til héraðslæknisins, sem tók úr honum blóðsýni. Kvað hann lækninn hafa staðið ranglega að blóðsýnistökunni, þar sem á blóðsýnisglasinu sé merki, sem sýnir, hve mikið blóð á að setja í það „miðað við Natrium Flourid í því.“ Þetta merki hafi læknirinn ekki getað séð vegna þess, hvernig lögreglumaðurinn hélt á glasinu, þegar blóðinu var sprautað í það, og vegna þess, að blóðið fór um allt glasið, þannig að ekki var hægt að sjá, hve mikið var í því.

Ákærði kom fyrir dóm hinn 22. maí 1981 og ítrekaði þá, að hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn né neytt áfengis, á meðan hann ók. Hann hafi drukkið Coca - Cola úr eins líters Coca - Cola flösku í bifreiðinni og hafi hún verið í henni, þegar lögreglan stöðvaði hann.

Ákærði bar á sama veg og áður greinir um áfengisneyslu sína kvöldið fyrir aksturinn og pilsnerdrykkjuna 3. ágúst 1979. Hann hafi verið ódrukkinn við aksturinn og kvaðst því ekki skilja, hvernig geti hafa mælst

1.68‰ alkóhóls í blóði hans. Kvað hann augljóst, að blóðsýnið hafi ruglast og niðurstaðan eigi við um annað sýni. Hann kvaðst nú vita, að ekkert merki væri á blóðsýnaglösunum, sem sýni, hve mikið á að setja í þau. Þá kvað hann lækinn, sem tók blóðsýnið, hafa undirritað eitthvert skjal, sem lögreglumennirnir komu með, án þess að athuga, hvað það var.

Vitnið Benedikt Helgi Benediktsson lögreglumaður var yfirheyrð í saka-dómi Suður-Múlasýslu hinn 28. mars 1980. Kvað það Þorstein Kristjánsson, lögreglumann á Stöðvarfirði, hafa hringt til sín og sagt, að hringt hafi verið í hann frá Breiðdalsvík og tilkynnt um ölvaðan ökumann á Volvo bifreið, sem væri á leið frá Staðarborg í Breiðdal til Fáskrúðsfjarðar. Vitnið hafi stöðvað bifreiðina, er hún kom að Búðum. Það hafi séð merki áfengis-áhrifa á ökumanninum, áður en það opnaði dyr bifreiðarinnar, og hafi hann verið færður á lögreglustöð. Síðan hafi ákærði verið færður til Brynjólfs Haukssonar héraðslæknis, sem tók blóðsýni, en ákærði hafi átt erindi við lækinn.

Vitnið kvað ákærða hafa verið greinilega undir áfengisáhrifum, „nokkuð þéttur, en þó borið sig vel“. Slím hafi verið í munnvikum hans og greinilegur áfengisþefur af honum. Þá kvaðst vitnið hafa séð tóma áfengisflösku undan „twenty one“ á gólfinu framan við farþegasætið frammi í.

Vitnið gat þess, að eftir blóðsýnistökuna hafi Guðni Sörensen fylgt ákærða til dyra, en það hafi skráð númer á beiðni um blóðtöku og blóðsýnisglasið í viðurvist læknisins, sem fékk frumrit blóðtökubeiðninnar.

Vitnið staðfesti frumskýrslu sína, sem að framan er rakin.

Vitnið Guðni Kristján Sörensen lögreglumaður var yfirheyrð hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 13. október 1980 og í dómi hinn 10. júlí 1981. Vitnið kvaðst hafa ekið bifreiðinni R 2425 að lögreglustöðinni, eftir að akstur ákærða var stöðvaður. Í bifreiðinni hafi verið tvær stúlkur og hafi þær haft orð á, að ákærði hafi drukkið við aksturinn. Þá hafi það séð tvær, eða a. m. k. eina flösku, undan „twenty one“ áfengi á milli framsætanna í bifreiðinni, en flaskan hafi verið tóm. Ekki kvaðst það hafa athugað, hvort áfengislykt var úr flöskunni, og ekki séð aðrar flöskur í bifreiðinni.

Á lögreglustöðinni kvaðst vitnið hafa rætt við ákærða og fundið greinilega áfengislykt af honum, en ekki veitt að öðru leyti athygli ölvunareinkennum, en þó virst ákærði vera undir áhrifum áfengis.

Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt töku blóðsýnis úr ákærða og hafi hún verið með venjulegum hætti. Blóðsýnið hafi verið sett í glas með dufti í, sem lögreglan hafði undir höndum, og hafi Benedikt Helgi merkt það og blóðtökubeiðnina, þegar vitnið sá til, og hafi sama merki verið skráð á hvort tveggja. Ákærði hafi hins vegar ekki séð númerið, en hann hafi séð, hvornig þetta fór fram. Læknirinn hafi „innsiglað“ glasið með því að setja

hvítan, þunnan heftiplástur yfir tappann og niður á glasið sjálf, en merki lögreglunnar hafi verið límt yfir plásturinn. Kvað vitnið límið á þessu eyðileggjast, ef innsiglið er rofið.

Vitnið kvað öll blóðsýni, sem tekin eru að beiðni lögreglunnar á Fáskrúðsfirði, vera merkt með stöfunum FÁ. Umrætt sýni hafi verið eina sýnið, sem tekið var að beiðni lögreglunnar á Fáskrúðsfirði þennan dag, en næsta sýni á undan hafi verið tekið 1. maí 1979 og næsta sýni á eftir hinn 25. ágúst 1979. Blóðsýnið úr ákærða hafi verið sent með flugvél til Reykjavíkur þriðjudaginn 7. ágúst 1979.

Vitnið Hrönn Ásbjörnsdóttir, fætt 14. maí 1962, var yfirheyrð í sakadómi Suður-Múlasýslu 25. mars 1980. Það kvaðst hafa verið á gangi eftir þjóðveginum norðan Djúpavogs ásamt Kristínu Hjartardóttur, er ákærði ók fram á þær og bauð þeim far. Í fyrstu hafi það ekki séð merki áfengisáhrifa á honum, en síðar, er hann fór að gefa sig meira að þeim vinkonum, hafi það séð greinilega, að hann var undir áfengisáhrifum. Ákærði hafi haft meðferðis flösku undan „twenty one“, sem vitnið taldi hafa verið hálf af sterku víni og kók. Hann hafi verið búinn úr flöskunni, þegar lögreglan stöðvaði akstur hans, og orðinn „þéttur“. Ekki kvað vitnið þær vinkonur hafa drukkið úr flöskunni.

Vitnið Kristín Hjartardóttir, fætt 10. júlí 1963, var yfirheyrð hjá lögreglunni í Reykjavík 20. febrúar 1981 og í dómi hinn 5. október sl. Kvaðst vitnið hafa komið í bifreið ákærða ásamt vinkonu sinni, vitninu Hrönn, skammt norðan Djúpavogs. Því hafi fundist hann vera „óeðlilega“ hress og málgefinn. Kvað vitnið hann hafa ekið hratt og að það hafi farið að gruna, að hann væri drukinn, en ekki gat það greint frá, á hverju sá grunnur byggðist. Um 15 mínútum eftir að það kom í bifreiðina, hafi ákærði stöðvað og sótt flösku í farangursgeymsluna. Hjá lögreglu kvað vitnið flöskuna hafa verið undan „twenty one“, en fyrir dómi minnti það, að hún væri undan Kláravíni. Hún hafi verið hálf full, en ekki vissi vitnið, hvað var í henni. Ákærði hafi drukkið úr flöskunni, en sett hana svo á gólfíð í bifreiðinni. Kvað vitnið ákærða hafa verið greinilega undir áhrifum áfengis og því meir sem á aksturinn leið. Hann hafi haft á orði, að hann neytti alltaf áfengis, þegar hann væri á ferðalögum út um land.

Vitnið kvaðst enga áfengislykt hafa fundið í bifreiðinni né af ákærða, en gat þess, að það fyndi yfirleitt mjög litla lykt vegna ofnæmis, sem það er með.

Vitnið kvað ákærða hafa stöðvað við hótelið að Staðarborg, en þær vinkonur hafi ekki fylgst með honum þar. Er þau fóru þaðan á ný, hafi hann ekið enn hraðar en áður. Kvað vitnið þær vinkonur hafa orðið hræddar, en ákærði hafi hlegið að þeim og ekki viljað stöðva, er þær vildu fara úr bifreiðinni. Vitnið sat í aftursæti frá Staðarborg og sá í baksýnisspeglin-

um, að augu ákærða voru rauð og fljótandi. Greinilegra hafi verið í lok akstursins en í upphafi, að hann var drukkinn. Það mundi þó ekki, hvort hann var reikull í spori, og gat ekki lýst frekari ölvunareinkennum á honum.

Vitnið minntist þess ekki að hafa séð flöskur undan gosdrykkjum eða öli í bifreiðinni, en minnti, að tóm áfengisflaska hafi verið í hanskahólfinu. Þær stóllur hafi spurt hann, hvort hann væri drukkinn, og hafi hann þá sagst hafa verið við drykkju á Höfn kvöldið áður og haldið áfram næsta dag. Hann hafi þó ekki sagt þeim, hvort hann var að drekka áfengi í bifreiðinni, en boðið þeim sopa úr flöskunni, sem þær þáðu ekki.

Vitnið Brynjólfur Karl Hauksson var héraðslæknir á Fáskrúðsfirði í ágúst 1979. Það kom fyrir dóminn 10. júlí 1981 og kvaðst hafa tekið blóðsýni úr ákærða. Að því loknu hafi komið í ljós, að ákærði átti við það erindi.

Vitnið kvað blóðsýnistökuna hafa farið fram í heilsugæslustöðinni á Fáskrúðsfirði. Því hafi ekki virst ákærði vera áberandi ölvaður, en áfengislykt hafi verið af honum, sem gæti hafa stafað af pilsner eða einhverju sterkara. Vitnið kvaðst venjulega athuga, hvort merkingar á blóðsýnisglasi og blóðtökubeiðni séu eins, og taldi, að ekki hafi verið um ósamræmi að ræða, enda hefði það þá gert við það athugasemd. Vitnið taldi, að það hefði sett heftiplástur yfir tappann á glasinu, en kvaðst ekki líta á það sem innsigliun. Þegar blóðsýni sé tekið, afhendi lögreglan glas undir það með álimdum merkimiða og plásturinn límist að nokkru niður á merkimiðann, en þó ekki yfir merkinguna.

Vitnið kvað ákærða hafa verið spenntan og óruggan, þegar þeir ræddust við að lokinni blóðtöku, en ekki vissi það, hvort það stafaði af því álagi, sem hann hafði orðið fyrir, eða áfengisáhrifum. Það treysti sér ekki til að segja um, hvort hann var undir áhrifum áfengis.

Vitnið Geir Viðar Guðjónsson, héraðslæknir á Hólmanvík, sem var héraðslæknir á Djúpavogi í ágúst 1979, var yfirheyrð í sakadómi Strandasýslu 24. nóvember 1981. Það kvað ákærða hafa komið til sín á stofuna um hádegi eða síðdegis í ágúst 1979. Hann hafi verið mjög málhress og ör, en það séu solumenn gjarna. Þeir hafi rætt saman nokkra stund, og minnti vitnið, að ákærði hefði lyktað af víni, en vildi þó ekki fullyrða það og gat þess, að ákærði hefði ekki verið áberandi ölvaður. Vitnið kvaðst ekki hafa veitt ákærða áfengi eða séð hann hafa áfengi um hönd né að hafa séð hjá honum áfengisflösku, en það hafi ekki farið inn í bifreið hans. Ekki kvaðst vitnið hafa merkt önnur hugsanleg ölvunareinkenni en að framan greinir.

Vitnið Marey Stefanía Björgvinsdóttir forstöðukona, Selnesi 22, Breiðsdalsvík, starfaði við sumarhótelid að Staðarborg í Breiðdal í ágúst 1979.

Það var yfirheyrð í sakadómi Suður-Múlasýslu 12. nóvember sl. Það kvað mann hafa komið á hótelið síðla sumars 1979 og spurt, hvort hann mætti hringja í lækinn á Fáskrúðsfirði. Hann hafi síðan notað símann. Vitnið kvaðst strax hafa séð, að þessi maður var mikið ölvaður.

Hafi hann „þvælt“ eitthvað við vitnið og aðrar starfsstúlkur á hótelinu. Þegar hann fór út aftur, hafi það séð út um glugga, hvar tvær stúlkur stóðu við bifreið og hafi þær og maðurinn farið inn í hana. Maðurinn hafi sest undir stýri og fengið sér „einn sopa úr einhverju“, glasi eða flösku, en síðan ekið af stað. Kvaðst vitnið hafa orðið bæði hissa og óttaslegið, er það sá manninn aka, að það hélt áleiðis til Fáskrúðsfjarðar. Kvaðst vitnið ekki hafa verið í nokkrum vafa um, að maðurinn var mjög drukkinn, og því farið rakleiðis og hringt til Þorsteins Kristjánssonar, héraðslögreglu-manns á Stöðvarfirði.

Af hálfu ákærða hafa verið lagðir fram í máli þessu „minnispunktar“ hans úr ferð hans um Austfirði, þar sem m. a. kemur fram, að að morgni 3. ágúst ræddi hann við Guðmund Einarsson og Sigurlaugu Sveinbjörnsdóttur læknanema, sem þá voru á Höfn í Hornafirði, og Jón Sveinsson, apótekara þar, og Ragnhildi Sigurbjörnsdóttur.

Vitnið Jón Sveinsson lyfsali, Hrisbraut 2, Höfn, var yfirheyrð í sakadómi Austur-Skaftafellssýslu 23. mars sl. Vitnið kvaðst hafa starfað með ákærða á árunum 1964—1965 og kvað hann yfirleitt vera frekar örán í skapi og málgefinn. Hann hafi komið til vitnisins líklega í ágúst 1979, en ekki kvaðst það hafa veitt athygli, að hann bæri merki áfengisáhrifa, og minntist þess ekki að hafa fundið af honum áfengisþef.

Vitnið Ragnhildur Sigurbjörnsdóttir, Hrisbraut 11, Höfn, var yfirheyrð sama dag. Það kvaðst vera starfsmaður heilsugæslustöðvarinnar og kvað lyfsölumenn koma þangað nokkrum sinnum á ári, en mundi ekki eftir ákærða. Kvaðst það ekki minnst þess, að neinn lyfsölumaður hafi komið á heilsugæslustöðina undir áfengisáhrifum.

Vitnið Guðmundur Örn Einarsson læknir var yfirheyrð í dómi 7. maí sl. Það kvaðst hafa verið læknanemi á Höfn frá 1. júní til 9. ágúst 1979 og á þeim tíma hafi komið fleiri en einn lyfsölumaður þangað. Ekki treysti það sér til þess að segja um, hvort einhver þeirra var undir áfengisáhrifum. Einn þeirra hafi komið um mánaðamótin júlí/ágúst, en ekki vissi vitnið nafn hans. Það mundi ekki eftir að hafa talað við hann og minnti, að það hefði ekki haft áhuga á því, einkum vegna þess hve mikið hann talaði og kvað sér hafa þótt hann meira uppþrengjandi en aðrir sölumenn. Það kvað þennan mann hafa skilið eftir sýnishorn af Ibaril lyfi o. fl.

Samkvæmt minnispunktum ákærða afhenti hann læknanemunum m. a. sýnishorn af Ibaril.

Ekki reyndist unnt að kveðja vitnið Sigurlaugu Sveinbjörnsdóttur fyrir dóminn vegna dvalar þess erlendis.

Dómurinn hefur aflað gagna um feril blóðsýnisins úr ákærða eftir því sem unnt hefur verið. Samkvæmt bréfi frá Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði, dags. 3. júní 1981, voru rannsókuð 2 blóðsýni frá Egilsstöðum hinn 6. ágúst 1979 (bréf með þeim dags. 4. ágúst 1979), eitt sýni frá Reyðarfirði var rannsakað 27. ágúst, og 14. ágúst 1979 voru rannsókuð eftirtalin 4 sýni, og varð niðurstaða þeirra sem hér segir:

Frá Reyðarfirði (bréf, dags. 5. ágúst):

Nr. 110 1.87‰

Nr. 111 1.65‰

Frá Eskifirði (bréf, dags. 6. ágúst):

V - 181 0.22‰

Frá Fáskrúðsfirði (bréf, dags. 3. ágúst):

Fá - 1935 1.68‰

Fleiri sýni frá Suður-Múlasýslu voru ekki tekin til meðferðar á rannsóknastofunni í ágúst 1979.

Með bréfi dómsins, dags. 15. júní 1981, til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu var óskað upplýsinga um eftirfarandi:

„1. Hvaða meðhöndlun fengu blóðsýni, sem tekin voru úr öikumönnum í Suður-Múlasýslu í ágúst 1979, frá því að sýnin voru tekin og þar til þau voru send til alkóhólrannsóknar?

2. Með hvaða hætti voru blóðsýni send til Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfjafræði?

3. Er hugsanlegt, að blóðsýni merkt V - 181 og Fá - 1935 (sbr. meðfylgjandi ljósrit af bréfi Jóhannesar F. Skaftasonar, dags. 3. 6. 1981) hafi ruglast, áður en þau voru send til Reykjavíkur?

4. Voru blóðsýnin send til rannsóknar sama dag og bréfin, sem þeim fylgdu, eru dagsett?

Ef svör við einhverjum framangreindra spurninga eru ekki einhlít, óskast þeim svarað með tilliti til blóðsýnis Fá - 1935.“

Í svari sýslumannsins, dags. 24. júní 1981, segir svo:

„Ad 1-2. Fastráðnir lögreglumenn eru á Eskifirði, Egilsstöðum, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði, einn á hverjum stað. Lögreglumennirnir, hver fyrir sig, annast meðhöndlun og sendingu blóðsýna til alkóhólrannsóknar. Blóðsýni er alltaf merkt í beinu framhaldi af blóðtöku, sjálft glasið með blóðinu svo og blóðtökuvottorðið, sem lækni undirritar. Blóðsýnið er síðan geymt í kæli og sent til rannsóknar með fyrstu tiltæku ferð merkt: Rannsókná-

stofa í lyfjafræði, Háskóla Íslands við Suðurgötu, Reykjavík. Innan sviga á umlagið er jafnan sett: Lögreglan í Reykjavík vitjar pakkans á afgreiðslu F. Í. í Reykjavík. Með blóðsýninu fylgir bréf til rannsóknastofunnar með beiðni um ákvörðun á alkóhóli í blóðinu og númer blóðsýnis tilgreint í bréfinu. Blóðsýni er síðan afhent afgreiðslu Flugleiða á viðkomandi stað, greitt fyrir flutninginn og frumrit farmbréfs tekið sem kvittun fyrir móttöku. Flutningsmáti þessi var á sínum tíma kallaður „bókuð sending“, en nú virðist um venjulega frakt að ræða. Þá er jafnan hringt í lögregluna í Reykjavík, sem sækir pakkann (umlagið) og annast um framflutning. Er trúlegt, að Reykjavíkurlögreglan bóki slíkt hjá sér.

Ad. 3. Nei, ekkert samband er á milli sendinganna, sbr. ofanritað.

Ad. 4. Gengið er frá skjölum máls, þar með bréfi til rannsóknastofu, í beinu framhaldi af blóðsýnis- og skýrslutöku. Reglulegar áætlunarferðir frá fjórðunum á Egilsstaðaflugvöll eru einu sinni hvern virkan dag nema laugardaga. Blóðsýni er sent með fyrstu ferð, eftir að gengið hefur verið frá gögnum, eins og áður segir, og er því ekki víst, að sýnin séu send sama dag og bréfin, sem fylgja, eru dagsett.“

Samkvæmt upplýsingum frá Gunnari Helga Magnússyni, lögreglumanni í Reykjavík, hefur starfsfólk Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði kvittað í bók lögreglunnar í Reykjavík fyrir móttöku á blóðsýnum frá Suður-Múlasýslu í ágúst 1979 sem hér segir:

„7. ág. kvittað fyrir 2 bréfum frá Egilsstöðum.

9. ág. kvittað fyrir 1 br. frá S-Múl., 1 br. Reyðarf. og 1 br. frá Fáskrúðsfirði.

13. ág. kvittað fyrir 2 bréf ómerktum.

23. ág. kvittað fyrir 1 bréfi frá Reyðarfirði og einu ómerktu.

27. ág. kvittað fyrir 1 bréfi ómerktu.

3. sept. kvittað fyrir 1 bréfi frá Fáskrúðsfirði.

Ekki er vitað, hvaðan ómerktu bréfin eru, en þau eru opnuð af starfsfólki rannsóknastofnunarinnar.“

Af hálfu ákærða hefur verið lagt fram vottorð, dags. 8. október 1981, ritað af John Benedikz, MRCP, þar sem segir, að ákærði sé með „psoreasis og fær upp úr því oft hvarmabólgu (blepharitis) og slímhimnubólgu í augu (conjunctivitis). Sjúkdómurinn er sveiflukenndur með góða og slæma kafla.“

Í bréfi, dags. 1. febrúar sl., sem verjandi ákærða, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, lagði fram í máli þessu, lýsir hann, hver hættu sé á mistökum eða misferli við meðferð blóðsýna úr mönnum, sem grunaðir eru um ölvun við akstur. Blóðsýnaglösin séu ekki innsigliuð og það sé „löng vegferð slíks „galopins“ glass frá Fáskrúðsfirði til rannsóknastofunnar.“

stofu í lyfjafræði í Reykjavík.“ Glasið fari um hendur margra og því séu miklir möguleikar á, að mistök eða misferli geti átt sér stað.

Þá fjallar verjandi ákærða um þá hættu, sem fylgir því, að í blóðsýnaglösunum eru 0.2 g af natriumflúoríði til þess að varna segamyndun og rotnun í blóðinu. Vísar hann til margvíslegra gagna um það, hve hættulegt efni þetta sé, og telur meðferð blóðsýnaglasa, sem í er natriumflúoríð, stríða gegn ákvæðum lyfjalaga nr. 49/1978 og laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.

Í bréfi þessu fór verjandi ákærða þess á leit m. a., eftir því sem næst verður komsti, að dómurinn rannsakaði, hvort verjandinn færi með rétt mál í bréfi sínu, þar sem hann fjallar um hættu á mistökum við meðferð blóðsýna. Enn fremur að leitað verði álits eiturefnanefndar samkvæmt 2. gr. laga nr. 85/1968 og eftirlitsmanns samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963, sbr. 2. gr. laga nr. 85/1976, á meðferð efnisins natriumflúoríð í glösum undir blóðsýni úr mönnum, sem grunaðir eru um ölvun við akstur. Verjandinn féll þó frá þessari kröfu sinni um rannsókn.

Niðurstöður.

Ákærði hefur frá upphafi neitað að hafa ekið bifreiðinni R 2425 undir áfengisáhrifum frá Höfn í Hornafirði til Fáskrúðsfjarðar og að hafa neytt áfengis við aksturinn. Hann hefur skýrt áfengislykt af honum og niðurstöðu öndunarsýnis með því, að hann hafi verið búinn að drekka 5 pilsnera yfir daginn. Þá hefur hann lagt fram vottorð til skýringar því, að augu hans voru rauð, þegar lögreglan hafði afskipti af honum.

Þegar hinn 21. nóvember 1979, er ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu, hélt hann því fram, að magn blóðsins, sem sett var í blóðsýnisglasið, hafi ekki verið rétt miðað við magn natriumflúoríðs í því. Frá þessu féll hann þó síðar, en hélt því þá fram, að niðurstaða blóðrannsóknarinnar ætti við um annað sýni en það, sem tekið var úr honum. Ákærði, sem er lyfjafræðingur; reyndi þannig strax í upphafi rannsóknar þessa máls að gera niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar tortryggilega vegna notkunar natriumflúoríðs í því.

Í umferðarlögum nr. 40/1968 er ekki kveðið á um, hvernig fara skuli með blóðsýni, sem tekin eru úr mönnum, sem grunaðir eru um ölvun við akstur, né með hvaða hætti skuli mæla vínandamagn í þeim. Natriumflúoríð hefur verið notað í umrædd blóðsýni nokkur undanfarin ár. Er það sett í sýnaglös til varnar segamyndun og vexti örvera (bæði etanolmyndandi og eyðandi), og breytingar á sýni vegna geymslu og flutninga eiga því ekki að vera sakborningi í óhag, sbr. álitsgerð Davíðs Davíðssonar prófessors, dr. Matthíasar Kjeld læknis og Aðalsteins Emilssonar líffræðings, dags. 29.

maí 1980, sbr. dómasafn Hæstaréttar 1980, bls. 1386. Í þessu máli verður ekki tekin afstaða til meðferðar natríumflúoríðs að öðru leyti.

Íslenskir dómstólar hafa um árabil byggt á niðurstöðum alkóhólrannsóknna á blóðsýnum, blönduðum natríumflúoríði, sem fengnar eru með gasgreiningu á súlu, nema sérstakar ástæður séu til að ætla, að mistök hafi átt sér stað. Í þessu máli hefur ekkert komið fram, sem bendir til þess, að mistök eða misferli hafi átt sér stað við meðferð blóðsýnisins úr ákærða. Sannað þykir með framburði lögreglumannanna og héraðslæknisins á Fáskrúðsfirði, að blóðsýnið úr honum hafi verið merkt á tryggilegan hátt. Samkvæmt gögnum málsins var einungis eitt sýni sent frá Fáskrúðsfirði og rannsakað í Rannsóknastofu í lyfjafræði í ágúst 1979, og ekkert samband var á milli sendingar þess og annarra sýna til Reykjavíkur.

Svo sem að framan er rakið, telja fjögur vitni sig hafa fundið áfengislykt af ákærða. Tvö þeirra og enn fremur þrjú önnur vitni hafa einnig borið, að þeim hafi virst hann vera undir áfengisáhrifum eða „þéttur“. Ekkert vitnanna, sem ákærði hitti, áður en hann fór frá Höfn, gátu borið um áfengislykt af ákærða að morgni 3. ágúst 1979 né ölvunareinkenni.

Telja verður sannað með framburðum farþega ákærða og lögreglumannanna tveggja, að ákærði hafi haft áfengisflösku í bifreiðinni, og með framburðum farþega hans og vitnisins Mareyjar Stefaniú Björgvinsdóttur, að hann hafi drukkið úr henni í bifreiðinni. Enn fremur bar vitnið Kristín Hjartardóttir, að ákærði hafi skýrt þeim stöllum fra því, að hann hafi verið við drykkju kvöldið áður og haldið henni áfram næsta dag. Þótt hvorki farþegar ákærða né lögreglumennirnir hafi gengið úr skugga um, hvað var í flöskunni, þykir þó verða að telja sannað, að ákærði hafi drukkið áfengi við aksturinn, enda hafa vitnin, sem ákærði hitti, eftir að hann fór frá Höfn, ýmist borið um áfengislykt af honum eða sjáanleg áfengisáhrif. Þykir framburður þessara vitna ekki vera í ósamræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknar á blóðsýninu úr ákærða.

Með framburðum vitnanna, sem nú hafa verið raktir, niðurstöðu öndunarsýnisins, sem sýndi IV. stig, og alkóhólrannsóknarinnar, sem lögð verður til grundvallar í máli þessu, þykir fram komin lögfull sönnun þess, að ákærði hafi neytt áfengis við akstur bifreiðarinnar R 2425 þann 3. ágúst 1979 og ekið undir áhrifum þess á ferð sinni frá Höfn í Hornafirði til Fáskrúðsfjarðar. Varðar þetta við 1. mgr. og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þessi ákvæði umferðarlaga eru tæmandi að því er varðar brot ákærða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann einu sinni sæst á sektarreiðslu vegna ölvunar.

Brot ákærða varðar refsingu samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög

nr. 54/1976, og þykir hún hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 5.000.00 krónur, sem renni í ríkissjóð. Vararefsing ákveðst varðhald í 10 daga.

Svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, ber að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun ekki verkun dómsins að þessu leyti, sbr. 178. gr. laga nr. 74/1974.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 3.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigurður Jónsson, greiði 5.000.00 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Þriðjudaginn 31. maí 1983.

Nr. 176/1982. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Helgu Gísladóttur

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ávana- og fikniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærðu með stefnu 2. júlí 1982 og gert jafnframt þær kröfur af hálfu ákæru-